

Glámur.

Guðmundur Friðjónsson, skáld og mælekumaður, telur í vísu í „Óðni“, heilaspuna það sem eg hefi ritað um Glámsþátt. Það er ekki rétt. Ritgerð mín um Gretti var byggð á nokkuð nákvæmri ihugun sögunnar, og málið virðist fremur einfalt að því er Glámsþátt snertir. Þar styður hvað annað, eins og flestum mun skiljast, ef þeir lesa vandlega grein mína í „Ísafold“. Röksemdaþráðurinn er í stuttu máli þessi, og nokkru bætt við það sem í áður nefndri ritgerð stendur.

Glámur finst dauður. Þaðan sem hann liggur má rekja spor, sem vaxa mönnum mjög í augum, og gera þeir meinvætt úr skepnu þeirri sem drepð hafði Glám. Nú aftak eg alveg að trúa því, að einhver meinvættur, sem dýrafræðingar kannast ekki við, hafi drepð Glám; en að ísbjörn, kominn hingað til lands með hafisum, hafi orðið honum að bana, er alls ekki ótrúlegt. Nú segir sagan, að Glámur hafi gengið aftur. Ekki trúi eg því; dauðir menn ganga aldrei aftur. En það er ákaflega sennilegt, að þessi imyndaða afturganga hafi verið ísbjörninn, sem hélt áfram að gera vart við sig. Heilaspuninn er áreiðanlega þeirra megin, sem trúa á drauga.

Þorgautur er drepinn, og er ekkert

ótrúlegt, að ísbjörninn hafi drepð annan smalamann til; en ekki Glámur afturgenginn.

Grettir kemur til sögunnar, og verður nú einkennilega skemtilegt að sjá, hvernig sannleikurinn gægist fram innan um alla þessa þjóðlygi um Glám, sem lá dauður, og hefði að réttu lagi alls ekki átt að koma við söguna úr því.

Þegar hurðinni er lokið upp, sér Grettir, að þrællinn „*réttir inn höfuðit ok sýnist honum afskræmilega mikit ok undarlíga stórskorit*“. Þetta er ekki að furða um ísbjarnarhöfuð, sem áhorfandinn tekur fyrir mannhöfuð. „Glámur fór seint“; það er ekki ótrúlegt, að ísbjörninn, sem var í fyrsta skifti á þessari leið, hafi komið varlega inn, og þefað fyrir sér; hann „*réttist upp*“; svo mætti vel að orði komast um björn, sem reisir sig á afturfætturna; og sýnist Gretti hann furðu hár vexti, sem von var til.

Þegar Glámur er fallinn, kemur Þórhallur og lofar guð fyrir og þakkar vel Gretti, er hann hafði unnið þennan óhreina anda. Þetta má björninn hafa, sem illu heilli hafði brakist til Íslands, að vera dauður kallaður óhreinn andi; og er það ekki í síðasta og ekki í fyrsta skifti, sem menn hafa nefnt and, það sem var í sannleika líkami.

Þeir Grettir brenna nú Glám að köldum kolum og sjá hann aldrei við dagsbirtuna; en annar eins vitmaður og Grettir, hefði óefað áttað sig, hefði hann látið það biða dags að brenna „Glám“, og séð þá, að þetta var ísbjörn en engin áfurganga.

Ög nú finst mér tími til kominn, að láta bæði björninn og Gretti njóta sann-

mælis. Ög sögumennina líka; því að það villir sýn á allri sögunni, að halda að Glámsþáttur sé tómur uppspuni. En hinsvegar mega menn ekki gera sér svo kærar neinar hjátrúarsögur, að þeir vilji ekki beita skynseminni; enda verða sögurnar þeim mun merkilegri sem menn skilja þær betur.

21. 3.

Framfaraskilyrði Íslendinga.

Ritgerðir mínar eru að nokkru leyti rannsóknir á íslenskum menningarástandi og íslenskri skynsemi. Beztu lesendur mínir eru beztu Íslendingarnir. Ög eg er viss um, að þeir eiga fyrir sér að verða góðir lesendur.

I.

Það væri undarlegur Íslendingur, — leyfi annars ástæður honum að vera dálítið skynsamur — sem hefði ekki hug á fortíð þjóðar sinnar og á framtíð heonar. Það er gaman að lesa um þessa landnámsmenn, sem svo margir voru nefndir hinn rammi, hinn sterki, hinn spaki, og áttu þó miklu fleiri slík heiti en höfðu; og það verður enn þá meira gaman, þegar þú hugleiðir, að þú er sjálfur höld af holdi þessara manna og bein af þeirra beinum. Sérhver Íslendingur nútímans er niðji *allra* þeirra manna, sem í sögunum eru nefndir og afkomendur eiga.

Þegar eitthvert ofurmagm heimskunnar, einhver skortur á mannúð og velvild, eitthvert meiri háttar skynleysi í athöfn, ræðu eða riti, kemur mér til að efast um framtíð þjóðarinnar, þá er Landnáma bezta bókin til að styrkja mig aftur í trúnni. Því að náttúrufræðin kennir mér, að þetta vit og afl, sem sagt er af í sögunum, og ýmislegt fleira gott, sem meira er sagt af óbeinlínis en beinlínis, það getur ekki verið aldaða, eins og Baldvin Einars-ön hefir bezt skilið af öllum Íslendingum, heldur leynist það með þjóðinni, og það má græða það upp, það verður að græða það upp, ná því